

From: ingvi.mar.palsson@idn.stir.is [<mailto:ingvi.mar.palsson@idn.stir.is>]
Sent: 12. júní 2012 14:14
To: Benedikt S. Benediktsson
Subject: Upprunavottorð - umsögn OS

Umsögn OS lýtur að setningu laga nr. 30/2008 en ekki frumvarpinu um breytingu á þeim lögum.

Í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 30/2008 kemur fram að Landsneti hf sé "heimilt að krefja umsækjanda um greiðslu vegna útgáfu upprunaábyrgðar. Fyrirtækið skal setja gjaldskrá um framangreinda þjónustu". OS hefur áhyggjur af því í umsögn sinni að gjaldtakan verði ekki í samræmi við raunkostnað og að um almenna tekjuheimild verði að ræða fyrir Landsnet sem hafi þá áhrif á tekjumörkin.

Svar við þessum áhyggjum OS er að finna í greinargerð með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 30/2008 þar sem segir um þessa gjaldtökuheimild í 2. mgr. 5. gr.:

"Í 3. mgr. er kveðið á um heimild til handa Landsneti hf. að krefjast greiðslu fyrir útgáfu upprunaábyrgðar og er þeirri greiðslu ætlað að standa straum af kostnaði sem Landsnet hf. leqqur í vegna útgáfu upprunaábyrgðar. Gjaldskrá um framangreinda gjaldtöku skal taka mið af því að fjárhæð gjaldtöku fyrir viðkomandi þjónustu verði ekki hærrí en sem nemur kostnaði við að veita hana. Ekki er um að ræða almenna tekjuheimild til handa Landsneti hf. heldur eingöngu um að ræða greiðslu á sannarlegum kostnaði Landsnets hf. vegna útgáfunnar og/eða staðfestingar á útgafinni upprunaábyrgð."

Fyrir þessu atriði sem OS er að benda á var því hugsað við setningu laga nr. 30/2008. Það er hafið yfir vafa að ekki er um almenna tekjuheimild að ræða fyrir Landsnet og að gjaldtakan getur aldrei verið meiri en sem nemur raunkostnaði við að veita þessa þjónustu.

kveðja,
Ingvi

Með kveðju / Best regards,

Ingvi Már Pálsson, LL.M